



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Niðurstöður könnunar á framkvæmd samreksturs skóla



Ágúst 2010

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Samkomulög um laun stjórnenda í samreknnum skólum	2
Samreknir skólar.....	3
Fjöldi nemenda og fjöldi stöðugilda millistjórnenda	5
Markmið sveitarfélaga með samrekstri skóla.....	6
Undirbúningur samreksturs skóla	8
Viðbótarkjör stjórnenda samrekinna skóla.....	10
Reynsla sveitarfélaga af samrekstri skóla.....	11
Viðhengi I – Könnun á framkvæmd samreksturs skóla	14

Inngangur

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla og lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Með þessu var verið að koma til móts við óskir sveitarfélaga, sér í lagi fámennra sveitarfélaga, sem sum hver höfðu átt í erfiðleikum með að fá fagmenntaða starfsmenn og stjórnendur til starfa eða sáu hagræðingarmöguleika felast í því að hafa einn stjórnanda yfir skólum sveitarfélagsins. Hinn samrekni skóli skal starfa samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig og ber skólastjóra samrekens skóla að hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi.

Í ágúst 2009 gerði Launanefnd sveitarfélaga (LN) samkomulög við Félag leikskólakennara (FL) og Skólastjórafélag Íslands (SÍ) um laun stjórnenda í samreknum skólum. Í 5.gr. hvors samkomulags um sig er kveðið á um endurskoðun sem taki mið af niðurstöðum upplýsingasöfnunar um framkvæmd samreksturs skóla. Könnun sú, sem hér er gerð grein fyrir, var framkvæmd á grundvelli þessa ákvæðis og voru spurningarnar samdar í samvinnu við fulltrúa frá FL og SÍ.

Könnunin var send út í lok mars 2010. Sveitarfélögin eru 77 alls, fimm þeirra reka hvorki leik- né grunnskóla og eitt rekur eingöngu leiksskóla. Könnunin náði því til 71 sveitarfélags. Svör bárust frá 68 sveitarfélögum. Til að viðhalda trúnaði við sveitarfélög eru niðurstöður einungis birtar samandregnar fyrir utan upplýsingar um heiti samrekinna skóla. Þá var leitast við að eyða rekjanlegum upplýsingum úr þeim töflum þar sem svör sveitarfélaga eru birt nær orðrétt.

Spurningalisti fylgir í viðhengi.

Samkomulög um laun stjórnenda í samreknum skólum

Eins og fyrr segir gerðu Launanefnd sveitarfélaga og félög leikskólakennara og skólastjóra með sér samkomulög um laun stjórnenda í samreknum skólum. Samkomulögin eru nær samhljóða og voru bæði undirrituð 20. ágúst 2009. Samhliða gerð þeirra gaf Samband íslenskra sveitarfélaga út leiðbeiningar til rekstraraðila sem hyggjast nýta sér lagaheimildirnar um samrekstur skóla¹. Leiðbeiningarnar voru unnar í samvinnu við Félag leikskólakennara og Skólastjórafélag Íslands.

Samkvæmt samkomulagi LN og FL um laun stjórnenda samrekens skóla² hækka grunnlaun skólastjóra, sem er félagsmaður í FL, um sex lfl. ef fjöldi grunnskólabarna

¹ Sjá http://www.samband.is/media/skolamal/Samrekstur_Leidbeiningar.pdf.

² Sjá http://www.samband.is/media/kjarasamningar/Felag-leikskolakennara_samrekstur-skola.pdf.

er á bilinu 1-30 og um átta lfl. ef fjöldi grunnskólabarna fer yfir 30. Ákveði sveitarstjórn að reka saman leikskóla og tónlistarskóla skal skólastjóri raðast fjórum launaflokkum ofar en ella. Bil milli launaflokka hjá FL er um 1,4%.

Samkvæmt samkomulagi LN og SÍ um laun stjórnenda samrekins skóla³ hækka grunnlaun skólastjóra, sem er félagsmaður í SÍ, um þrjú lfl. ef fjöldi leikskólabarna er á bilinu 1-30 og um fjóra lfl. ef fjöldi leikskólabarna fer yfir 30. Ákveði sveitarstjórn að reka saman grunnskóla og tónlistarskóla skal skólastjóri raðast tveimur launaflokkum ofar en ella. Bil milli launaflokka hjá SÍ er um 2,8%. Þá er sveitastjórn heimilt skv. 1. gr. samkomulags LN og SÍ að minnka kennsluskyldu skólastjóra í samreknum skóla til samræmis við aukið stjórnunarumfang.

Ekki er kveðið á um hækkun annarra stjórnenda en skólastjóra en hins vegar er opnað fyrir heimild sveitarstjórnar til að endurskoða grunnröðun launa og verkefni þess millistjórnanda sem sannarlega hefur auknum starfsskyldum að gegna vegna samrekstursins.

Samreknir skólar

Af 68 sveitarfélögum sögðust tíu reka saman leik- og grunnskóla, þrjú sögðust reka saman grunn- og tónlistarskóla og sex voru með leik-, grunn- og tónlistarskóla í samrekstri. Ekkert sveitarfélag rak saman leik- og tónlistarskóla (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi sveitarfélaga með skóla í samrekstri 2010

Rekstrarform	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Alls	77	100,0
Leik- og grunnskóli*	10	13,0
Leik- og tónlistarskóli	0	0,0
Grunn- og tónlistarskóli	3	3,9
Leik-, grunn- og tónlistarskóli	6	7,8
Enginn samrekstur	49	63,6
Ekki svarað	3	3,9
Á ekki við	6	7,8

*Tvö sveitarfélög reka saman skóla og eru þau bæði talin með hér.

Samkvæmt upplýsingum sveitarfélaga er um að ræða 13 skóla með bæði leik- og grunnskólastig, þrjú skóla með grunn- og tónlistarskóla í samrekstri og átta skóla þar sem öll þrjú stigin eru rekin undir stjórn eins skólastjóra (sjá töflu 2).

³ Sjá http://www.samband.is/media/kjarasamningar/Skolastjorafelag-Islands_samrekstur-skola.pdf.

Tafla 2. Samreknir skólar

Rekstrarform og heiti skóla	Sveitarfélag
Leik- og grunnskóli	
Krikaskóli	Mosfellsbær
Varmárskóli	Mosfellsbær
Lágafellsskóli	Mosfellsbær
Laugargerðisskóli	Eyja- og Miklaholtshreppur
Grunnskóli Hríseyjar	Akureyrarkaupstaður
Grunnskóli Grímseyjar	Akureyrarkaupstaður
Öxarfjarðarskóli	Norðurþing
Grunnskóli Raufarhafnar	Norðurþing
Grunnskóli Dalvíkurbyggðar og Kátakot	Dalvíkurbyggð
Hrafnagilsskóli og Krummakot	Eyjafjarðarsveit
Seyðisfjarðarskóli og Sólvellir	Seyðisfjarðarkaupstaður
Brúarásskóli og Hallormsstaðaskóli	Fljótshlíshérað og Fljótshlíshreppur
Grunnskóli Vestmannaeyja	Vestmannaeyjabær
Grunn- og tónlistarskóli	
Klébergsskóli Kjalarnesi	Reykjavíkurborg
Grunn- og tónskólinn á Hólmaskóli	Strandabyggð
Grunnskólinn Þórshöfn	Langanesbyggð
Leik-, grunn- og tónlistarskóli	
Auðarskóli	Dalabyggð
Grunn- og tónlistarskóli Tálknafjarðar, leikskólinn Vindheimar	Tálknafjarðarhreppur
Súðavíkurskóli	Súðavíkurhreppur
Litlulaugaskóli	Þingeyjarsveit
Hafralækjarskóli	Þingeyjarsveit
Stórutjarnaskóli	Þingeyjarsveit
Grunnskóli Borgarfjarðar	Borgarfjarðarhreppur
Grunnskóli Mýrdalshrepps, Leikskólinn Suður-Vík, Tónskóli Mýrdælinga	Mýrdalshreppur

Fjöldi nemenda og fjöldi stöðugilda millistjórnenda

Nemendur á grunnskólaaldri eru mun fleiri í samreknnum skólum en nemendur á leikskólaaldri. Þannig lá hlutfall grunnskólabarna af heildarfjölda barna á bilinu 63-97%. Ekki var óskað eftir upplýsingum um fjölda nemenda í tónlistarskólanum.

Spurt var um fjölda stöðugilda millistjórnenda á hverju skólastigi fyrir sig og fjölda starfsmanna sem starfa á leik- og grunnskólastigi⁴. Í sex sveitarfélögum eru stöðugildi millistjórnenda á leik- og grunnskólastigi á bilinu eitt til tvö. Fjögur sveitarfélög sögðu ekkert stöðugildi millistjórnenda vera á leikskólastigi og í fimm sveitarfélögum er ekkert stöðugildi millistjórnenda á grunnskólastigi. Stöðugildi millistjórnenda á tónlistarstigi í samreknnum skólum virðast afar fá (sjá töflu 3).

Tafla 3. Stöðugildi millistjórnenda

Skólastig	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Á leikskólastigi	18	100,0
Ekkert stöðugildi	4	22,2
<1	2	11,1
1-2	6	33,3
3-4	2	11,1
>4	0	0,0
Ekki svarað/Á ekki við	4	22,2
Á grunnskólastigi	18	100,0
Ekkert stöðugildi	5	27,8
<1	1	5,6
1-2	6	33,3
3-4	2	11,1
>4	1	5,6
Ekki svarað/Á ekki við	3	16,7
Á tónlistarstigi	18	100,0
Ekkert stöðugildi	4	22,2
<1	0	0,0
1-2	1	5,6
3-4	0	0,0
>4	0	0,0
Ekki svarað/Á ekki við	13	72,2

⁴ Ekki var unnt að birta niðurstöður um fjölda starfsmanna sökum þess hversu fá svör bárust við spurningunni (spurning 9).

Markmið sveitarfélaga með samrekstri skóla

Í leiðbeiningum fyrir rekstraraðila vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla, sem sambandið gaf út árið 2009, er lögð áhersla á að sveitarfélög vandi undirbúning samreksturs skóla og skilgreini í upphafi þann ávinning sem stefnt er að. Þá skal tryggt að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi þegar samrekstur er skipulagður. Í könnuninni um framkvæmd samreksturs skóla var spurt hver voru markmið sveitarfélagsins með samrekstri. Nokkuð var um sveitarfélög hafi verið að leita eftir hagræðingu í rekstri með þessu rekstarformi og betri nýtingu húsnæðis. Þá voru einnig nokkur dæmi um að leitast væri við að ná meiri samfellu milli leik- og grunnskóla og auka á stöðugleika í starfsmannahaldi til að tryggja fagmennsku (sjá töflu 4).

Tafla 4. Markmið sveitarfélaga með samrekstri

Að bæta við leikskólarýmum vegna fjölgunar barna á leikskólaaldri og nýta frábært húsnæði grunnskólans þar sem nemendafjöldi í grunnskólanum hefur farið mjög hratt niður á síðustu árum.

Að nýta betur mannauðinn, húsnæðið, gögn og fl. Að spara í stjórnunarkostnaði og að spara í rekstrarkostnaði. Meiri yfirsýn.

Að tryggja rekstur og faglega starfsemi lítilla eininga.

Aukin samþætting náms, aukinn sveigjanleiki milli skólastiga, aukin hagkvæmni í rekstri.

Einfalda rekstur stofnana í litlu samfélagi.

Einföldun.

Hagræðing í rekstri m.a. með sameiginlegum innkaupum, aukin samvinna milli skólastiga, samnýting starfsmanna.

Húsnæðið býður upp á þetta.

Leysa langvarandi vanda sem var að enginn vildi vera leikskólastjóri, þrátt fyrir síendurteknar auglýsingar. Verulegur sparnaður er af hinu nýja fyrirkomulagi í launum.

Markmiðin voru að mynda betri samfellu og auka á stöðugleika í starfsmannahaldi auk þess sem tryggja átti fagmennsku í starfi leikskólanna þar sem illa gekk að ráða þangað fagmenntað starfsfólk sem gekk betur í grunnskólunum. Þá eru þetta svo fámennar stofnanir að ótækt þykir að hafa tvær stofnanir í rekstri innan sama húsnæðis.

Ná betri samræmingu í starfi þar sem báðir skólarnir eru undir sama þaki.

Ná fram faglegri hagræðingu og betri rekstrareiningu.

Ná fram meiri samfellu á milli leik- og grunnskóla. Og hagræði vegna lítillar einingar

Ný sýn á skólastarf. Þróun skólastarfs - tengist samfellu milli skólastiga. Talið að nám á forsendum leiks eigi erindi inn í grunnskólann, en jafnframt að skólun leikskólabarna hefur vaxið mikið á undanförunum árum - og því hluti af þróun þess.

Sameina á skólanna undir einu þaki til þess að ná því markmiði að hér verði metnaðarfullur skóli með sterkri tengingu við náttúru og atvinnulíf. Eining sem hæfir litlum stað og fáum nemendum þ.a. hver nemandi fái sem best notið sín.

Samrekstrarformið fól í sér minni rekstarkostnað skóla fyrir sex sveitarfélög en hjá sama fjölda sveitarfélaga var rekstarkostnaður sá sami og hafði verið áður en samrekstri var komið á. Þrjú sveitarfélög sögðu samrekstrarformið dýrara heldur en hefðbundið rekstarform(sjá töflu 5).

Tafla 5. Breytingar á rekstarkostnaði í kjölfar samreksturs

	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Alls	18	100,0
Rekstarkostnaður minni	6	33,3
Rekstarkostnaður sá sami	6	33,3
Rekstarkostnaður meiri	3	16,7
Ekki svarað	3	16,7

Af þeim 18 sveitarfélögum sem sögðust reka fleiri en eitt skólastig saman töldu tæp 39% að upphaflegum markmiðum sem samrekstri skóla hefði verið náð að fullu og ríflega 44% töldu sig hafa náð þeim að hluta (sjá töflu 6).

Tafla 6. Framgangur markmiða sveitarfélaga með samrekstri

	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Alls	18	100,0
Markmið náðust að fullu	7	38,9
Markmið náðust að hluta	8	44,4
Markmið náðust ekki	0	0,0
Ekki svarað	3	16,7

Nefndar voru ýmsar ástæður fyrir því að markmið með samrekstri hafi einungis náðst að hluta til, m.a. að gamlar venjur hafi ráðið ríkjum og virkni þeirra sem áttu að koma að málum hafi ekki verið sem skyldi. Þá má einnig greina bjartsýni um

markmiðum verði náð í framtíðinni þar sem starfið sé í mótun og eigi eftir að slípast til (sjá töflu 7).

Tafla 7. Ástæður þess að markmið sveitarfélaga með samrekstri skóla náðust ekki

Ég var ósátt við að það kæmi bókun þar sem sagt væri hversu mikið ætti að umbuna stjórnanda fyrir. Hefði þótt þetta kjörið tækifæri til að semja án bókana og æfa okkur í því umhverfi. Meta hvernig gengur og umbuna eftir því.

Gamlar venjur.

Hér vantar allt sem heitir að uppfylla löggjöf og kjarasamninga hvað varðar starf á leikskólanum. Eingöngu verði hugsað um að grunnskólinn fari að lögum.

Hjá okkur stóð til að reisa nýjan leikskóla áfastan grunnskólanum en það gekk ekki eftir. Því hefur orðið töf á auknu samstarfi skólastiganna en breytingin mun engu að síður standa.

Samrekstur hófst á síðasta hausti og því enn verði að stíga fyrstu skrefin og móta starfið. Þetta skólaár ætlað til mótunar starfsins og eftir það mun fara fram mat á starfinu og hvað megi betur fara. Almennt séð hefur starfið gengið mjög vel.

Tengjast ekki kjarasamningum né löggjöf um leyfisbréf. Fyrst vegna þess að ekki hefur verið hægt að sameina rekstur undir einu þaki og nefnd sem skipuð var til þess að skipuleggja starfsemina þar sem í eiga sæti fulltrúar skólanna, foreldra, atvinnulífs o.fl. hefur ekki verið eins virk og ætlast var til.

Þar sem starfið er tiltölulega nýlegt í þessari mynd er það enn í þróun og unnið er að því að ná markmiðunum, sérstaklega hvað samnýtingu starfsfólks varðar.

Undirbúningur samreksturs skóla

Í leiðbeiningum fyrir rekstaráðila vegna samreksturs skóla er skýrt kveðið á um ábyrgð rekstraráðila á að upplýsa starfsfólk og aðra hagsmunaaðila um fyrirhugaðar breytingar, ástæður þeirra og hvaða árangri stefnt væri að. Tíu sveitarfélög svöruðu spurningunni, hvort leitað hefði verið samráðs við foreldra, starfsmenn eða stéttarfélög starfsmanna þegar sameiningin var undirbúin. Tvö þeirra sögðu að sameiningin hefði verið ákveðin hjá stjórnendum sveitarfélagsins eingöngu og ekkert samráð haft við aðra. Þrjú sveitarfélög höfðu samráð við foreldra, starfsmenn og stéttarfélög og sami fjöldi sveitarfélaga hafði samráð bæði við foreldra og starfsmenn þegar sameiningin var undirbúin. Eitt sveitarfélag réð ráðum sínum við starfsmenn eingöngu og annað leitaði ráða hjá starfsmönnum og stéttarfélögum þeirra (sjá töflu 8).

Tafla 8. Samráð við hagsmunaaðila

	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Alls	18	100,0
Við foreldra eingöngu	0	0,0
Við starfsmenn eingöngu	1	5,6
Við stéttarfélög* eingöngu	0	0,0
Við foreldra og starfsmenn	3	16,7
Við starfsmenn og stéttarfélög	1	5,6
Við foreldra, starfsmenn og stéttarfélög*	3	16,7
Ekkert samráð	2	11,1
Ekki svarað	8	44,4

*Haft var samráð við stéttarfélög innan KÍ.

Helmingur sveitarfélaga auglýsti ekki stöðu skólastjóra samrekins skóla, sex sveitarfélög auglýstu stöðuna ýmist í dagblöðum á landsvísu, á vef KÍ eða á vef sveitarfélagsins (sjá töflu 9).

Tafla 9. Auglýsing skólastjórastöðu

	Fjöldi sveitarfélaga	Hlutfall
Alls	18	100,0
Staðan auglýst*	6	33,3
Staðan ekki auglýst	9	50,0
Ekki svarað	3	16,7

*Auglýst var í Morgunblaði, Fréttablaði, vef KÍ eða heimasíðum sveitarfélaga.

Í lögum um leikskóla og lögum um grunnskóla er kveðið á um þá lágmarkskröfu að skólastjóri samrekins skóla hafi leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Af þeim sex sveitarfélögum sem auglýstu lausa stöðu skólastjóra, lögðu tvö áherslu á að skólastjóri væri með réttindi til kennslu í grunnskóla og viðbótarmenntun í stjórnun. Þrjú sögðu kröfurnar miðast við lögin, þ.e. að stjórnandinn væri með leyfi til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi og viðbótarmenntun eða reynslu í stjórnun. Eitt sveitarfélag sagðist hafa óskað eftir því að skólastjóri væri með leyfisbréf á báðum skólastigum.

Mikill meirihluti skólastjóra samrekinna skóla er með leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi en einungis eitt sveitarfélag sagði sinn skólastjóra vera með leyfisbréf til kennslu bæði á leik- og grunnskólastigi. Ekkert sveitarfélag sagði skólastjóra vera með leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi eingöngu. Í níu sveitarfélögum hafa skólastjórar viðbótarmenntun í stjórnun.

Viðbótarkjör stjórnenda samrekinna skóla

Niðurstöður sýna að yfirgnæfandi meirihluti skólastjóra er með leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi og miðast launakjör þeirra því við kjarasamning LN og KÍ v/SÍ. Einungis einn skólastjóri samrekins skóla tekur laun skv. kjarasamningi LN og KÍ v/FL.

Af þeim 24 skólastjórum sem um ræðir fá níu greitt samkvæmt samkomulögum LN og FL annars vegar og LN og SÍ hins vegar. Í sex tilvikum er um að ræða viðbót sem samið var um áður en til samninga um viðbótarkjör skólastjóra samrekinna skóla kom í ágúst 2009. Fjórir skólastjórar virðast ekki fá neina viðbót vegna samreksturs, en þar af tilgreinir einn skólastjóri að hann hafi sett viðbótarflokka á deildarstjóra leikskóladeildar í stað þess að taka þá til sín. Svör um viðbótarkjör skólastjóra fimm samrekinna skóla bárust ekki (sjá töflu 10).

Tafla 10. Viðbótarkjör stjórnenda samrekinna skóla

	Fjöldi skóla	Hlutfall
Alls	24	100,0
Í samræmi við samkomulag LN og FL eða LN og SÍ	9	37,5
Viðbót byggir á eldra samkomulagi milli sveitarfélags og skólastjóra	6	25,0
Engin viðbót	4	16,7
Ekki svarað	5	20,8

Í 1.gr. samkomulags um laun stjórnenda í samreknum skólum sem LN og SÍ gerðu sín á milli er kveðið á um heimild sveitarstjórnar til að minnka kennsluskylda skólastjóra til samræmis við aukið stjórnunarumfang, sem skapast getur vegna þessa rekstrarforms. Kennsluskylda flestra skólastjóra samrekinna skóla er óbreytt frá því sem var fyrir samrekstur eða í 12 tilvikum af 15. Kennsluskylda þriggja skólastjóra er minni en var fyrir samrekstur.

Sveitarstjórn getur veitt skólastjóra heimild til að endurskoða grunnröðun launa og verkefni þess millistjórnanda sem sannarlega hefur auknum starfsskyldum að gegna vegna samreksturs skóla skv. 2.gr. beggja samkomulaga um laun stjórnenda í samreknum skólum. Í fjórum tilvikum hefur sveitarstjórn nýtt sér þessa heimild og bætt við greiðslum til millistjórnenda en í 11 sveitarfélögum hefur þessi heimild ekki verið nýtt. Algengast er að þessar viðbótargreiðslur hafi fallið stjórnendum leikskóladeilda í skaut og er um að ræða hækkun um 2-5 launaflokka. Þá nefnir eitt sveitarfélag að kennsluskylda aðstoðarskólastjóra hafi verið minnkuð eftir að samrekstur var tekinn upp.

Reynsla sveitarfélaga af samrekstri skóla

Óskað var eftir því að sveitarfélög deildu reynslu sinni af samrekstri skóla, t.d. hvaða kosti og galla þau sæju við þetta fyrirkomulag m.a. með hliðsjón af samskiptum starfsmanna og barna. Af svörunum (sjá töflu 11) að dæma felast helstu kostirnir við samrekstur í betri tengingu og aukinni samþættingu milli skólastiga. Þá eykur þetta fyrirkomulag líkur á að fagmenntað fólk fái til starfa. Einnig er nefnt að stigin læri hvert af öðru, þá sér í lagi grunnskólastigið af leikskólastiginu. Fækkun stjórnenda þykir vera kostur og eins að fyrirkomulagið auðveldi sameiginlega stefnu í skólamálum. Svo virðist sem starfið eigi sums staðar eftir að slípast til og enn ríki tortryggni milli starfsmanna. Þá eru nefndir sem ókostir vanþekking skólastjóra á málefnum leikskóla og hár launakostnaður vegna skólastjóra samrekna skólans.

Tafla 11. Reynsla sveitarfélaga af samrekstri

Ef rekstur leik- og grunnskóla er undir sama þaki tel ég tvímælalaust bót af samrekstri. Í fámennum stofnunum er styrkur af því að stækka starfsmannahópin. Einnig er auðveldara að starfa eftir sömu stefnumiðum þegar stofnunin er ein og stjórnunin öll á sömu hendi. Þarfir skólastiganna eru ólíkar en grunnskólinn þarf frekar á starfsháttum leikskólans að halda frekar en öfugt.

Erfitt er að svara spurningunni þar sem fjöldi barna í leikskólunum hefur aukist við að þetta fyrirkomulag var tekið upp og því er erfitt að miða saman fyrri rekstur við núverandi. Kostnaður sveitarfélagsins vegna launa skólastjóra hefur aukist verulega. Umræddur skólastjóri er að fá laun eins og hann stýri 700 barna skóla þó að aðeins 560 börn verði í skólanum næsta ár. Þegar 20 börn bættust við bættust einnig þrjú launaflokkar til viðbótar við laun hans þó svo að fjöldi barna í skólanum væri umtalsvert lægri en gert er ráð fyrir í launaviðmiðum. Samskipti milli starfsmanna hafa verið með ágætum, en talsverðrar tortryggni gætti í upphafi og þá sérstaklega frá starfsmönnum leikskólanna og reyndar mátti heyra að nokkrir af starfsmönnum grunnskólans voru ekki sáttir við hugmyndir um 5 ára leikskóladeild við skólann. Rekstri hefur verið haldið aðskildum, en laun skólaliða, starfsmanna á skrifstofu og stjórnenda (fyrir utan deildarstjóra leikskóladeildarinnar) er greitt af kostnaðarliðum grunnskólans. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið með ágætum. Starfsmenn skólans, foreldrar og börnin eru allir mjög sáttir við starfsemina og myndu ekki vilja breyta til fyrri háttá. Nú eru uppi hugmyndir um að færa öll 5 ára börn inn á 5 ára leikskóladeildina til að rýma enn betur fyrir yngri börnum í leikskólum bæjarins. Þá mun stjórnun deildarinnar fara yfir á leikskólastjóra leikskóla sem er í nágrenni grunnskólans.

Gríðarlega mikil samvinna var áður á milli skólastiganna og er nú enn meiri. Gallarnir eru þeir helstir að þar sem skólastjóri grunnskólans tók yfir þetta hlutverk þá hefur faglegi hluti skólastarfs leikskólans færst nánast alfarið yfir á aðstoðarleikskólastjóra og væntanlega verðum við að bæta það upp á næstunni með því að mæta því í launlið og með meiri stjórnunartíma. Ljóst er hins vegar að grunnskólinn hefur haft mikið gagn af því að losa skólastjóra undan kennsluskyldu. Samskipti starfsmanna eru meiri en áður og fleiri starfsmenn flæða á milli skólastiga.

Sem sagt ekki gallalaust kerfi en úr því er verið að bæta smátt og smátt. Að lokum er við það að bæta að skólastjóri er mjög vel menntaður með 45 eininga stjórnunarnám til viðbótar kennaraprófi frá KHÍ, auk þess sem hann er kerfisfræðingur.

Helsti gallinn er lítil þekking skólastjóra á leikskólastarfi og er það stór galli. Því funkera deildarstjórar sem skólastjórar í faglegu starfi og skólastjóri sér í raun bara um rekstrarleg og starfsmannamál. En mikil aukning er í samvinnu á milli skólastiga sem ég hef talað fyrir í nokkurn tíma en við þessa breytingu komst loksins hreyfing þar á. Mikið er um gagnkvæmar heimsóknir og einnig fluttist barn um mitt ár á milli skólastiga, sem ég tel stóran kost ef barnið er tilbúið á allan hátt.

Jákvætt að stækka starfsmannahóp lítilla skóla og búa þannig til sterkari faglega heild sem er samabyrg, einfaldara stjórnsýslulega séð og samskipti útá við. Erfiðara að greina kostnað við leikskólarekstur annars vegar og grunnskólarekstur hins vegar.

Kostir eru fækkun stjórnenda, aðskilin hús svo önnur áhrif lítil.

Okkar reynsla varðandi samrekstur er afar góð enda er lögð mikil áhersla á samþættingu. Má t.d. geta þess að af 83 nemendum eru 65 í tónlistarnámi

Rekstarkostnaður er meiri vegna biðlaunaréttar fyrrum skólastjóra við leikskóla og grunnskóla. Einnig er starfsemi ekki undir sama þaki.

Reynsla samreksturs er ekki mikil þar sem þetta er fyrsta árið sem það er gert. Það eru miklar væntingar og það sem komið er lofar góðu. Hins vegar hefur samkensla leik- og grunnskóla verið síðustu 13 árin og gengið mjög vel. Þar hefur verið mikil samskipti meðal starfsmanna þessa skólastiga og helstu gallar þar voru að ófaglærðu starfsmenn leikskólans fundu fyrir ""minnkun"" að starfa með faglærðum grunnskólakennurum. Þá fannst grunnskólakennurum líka erfitt að ""fá að ráða öllu"" þar sem vantaði upp á fagvinnu og fagumræðuna. Kostirnir eru gríðarlegir fyrir nemendum þar sem 5 ára eru svo mikið tilbúin í skólann þegar þeir koma í 1.bekk eftir að hafa verið í eitt ár í 0.bekk.

Reynsla þessa fyrsta skólaárs almennt góð. Samskipti starfsmanna og nemenda milli skólastiga hafa eflst og styrkt. Upplýsingaöflun til nemenda, starfsmanna og foreldra hefur líka batnað til muna. Engir augljósir gallar hafa komið fram en deildarstjórar annarra deilda en grunnskóla upplifa nokkuð að þeirra deildir hafi að nokkru leyti misst sjálfsstæði sitt. Vek athygli á að samrekstur hófst við upphaf þessa skólaárs og starfið því enn í mótun og erfitt að meta árangur á þessu stigi.

Samfella er klárlega meiri og samstarf milli skólastiganna verður skilvirkari þegar sami stjórnandi er yfir báðum skólagerðunum. Samnýting starfsmanna er auðveldari og fagmennska verður meiri.

Skólastigin sem áður voru sýnilega aðgreind þrátt fyrir sömu nánd í húsnæði eru nú samþætt að fullu. Tryggt hefur verið að meira segja í mjög litlum einingum, eins og 5 nemenda leikskóladeild í skólanum, er unnt að ráða fagmenntað starfsfólk

Skólinn er þróunarverkefni um starf grunnskólakennara og leikskólans sem er þegar að skila merkilegum hlutum. Leikskóladeildir við grunnskóla eru hluti af sama þróunarconcepti - tengingu skólastiga og hefur gengið ótrúlega vel. Vera leikskóladeilda hefur hreyft við innra starfi grunnskólanna á yngsta stigi, en nokkrir

múrar eru samt á milli sem enn er unnið með. Í skólanum eru múrar milli stétta og skólastiga alltaf að falla, ávinningur á hverjum degi. Unnið eftir prinsippinu að góðir hlutir gerast hægt, en þeir verða ekki góðir ef ekki er vitað hvert er verið að stefna.

Það er nokkuð langt um liðið síðan þessir tveir skólar voru sameinaðir grunnskóli og tónlistarskóli og um það ríkir sátt. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hvort kostnaðurinn er meiri eða minni miðað við fyrir sameiningu. Mjög margt hefur breyst í aðstæðum sem hefur haft áhrif á reksturinn og því erfitt að áætla breytingu á kostnaði.

Þessi spurning hér að ofan á ekki við því leikskólinn hér hefur aldrei verið sjálfstæð eining. Fyrirkomulagið hér með samrekstri hefur komið vel út fyrir börnin. Húsnæðið er kjörið til samvinnu og starfskraftarnir nýtast vel. 5 ára börn eru hér með grunnskólanum (2- 6 tíma á viku) og fá einnig forskólaverkefni frá skólastjóra á leikskólann. Margt er samt óunnið hér svo sem námskrá, starfslýsingar fyrir 2 starfskonur á leikskóla svo eitthvað sé nefnt.

Viðhengi I – Könnun á framkvæmd samreksturs skóla

1. Könnun á framkvæmd samreksturs skóla

Í ágúst 2009 gerði Launanefnd sveitarfélaga samkomulög við Skólastjórafélag Íslands annars vegar og Félag leikskólakennara hins vegar um laun stjórnenda í samreknum skólum. Þessi könnun er gerð á grundvelli þeirra samkomulaga en í 5. grein er kveðið á um endurskoðun samkomulaganna á grundvelli niðurstaðna slíkrar könnunar.

Farið verður með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og verða þær einungis notaðar til að meta framkvæmd samreksturs skóla í heild sinni en ekki til að gera athugasemdir við framkvæmd eða fyrirkomulag hjá einstaka sveitarfélagi.

Ábyrgðarmaður könnunar er Guðfinna Harðardóttir, sími 5154900, tölvupóstfang guðfinna@samband.is. Athugið að stjórnumerkjum spurningum verður að svara.

Með samrekstri skóla er átt við þegar grunnskóli, leikskóli og/eða tónlistarskóli eru reknir saman undir stjórn eins skólastjóra. Skólarnir þurfa ekki að vera undir sama þaki.

*** 1. Fyrir hvaða sveitarfélag er verið að svara?**

*** 2. Nafn og staða þess sem svarar könnuninni.**

*** 3. Tölvupóstfang þess sem svarar könnun.**

*** 4. Hvers konar einingar eru reknar saman undir stjórn eins skólastjóra?**

- Leikskóli og grunnskóli
- Leikskóli og tónlistarskóli
- Grunnskóli og tónlistarskóli
- Leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli
- Enginn samrekstur samkvæmt fyrrgreindri skilgreiningu tíðkast í sveitarfélaginu

2. Um samrekna skólann

* 5. Vinsamlegast skrifið nafn/nöfn skóla sem er(u) í samrekstri.

* 6. Hversu mörg börn eru á hvoru stigi?

Á leikskólastigi

Á grunnskólastigi

* 7. Hversu mörg stöðugildi millistjórnenda eru á hverju stigi?

Á leikskólastigi

Á grunnskólastigi

Í tónlistarskólanum (ef hann er til staðar)

* 8. Hversu margir starfsmenn ...

... starfa eingöngu á leikskólastigi?

... starfa eingöngu á grunnskólastigi?

... starfa bæði á leik- og grunnskólastigi (fara á milli skólastiga)?

* 9. Hvernig er stjórnkerfi samrekna skólans? Vinsamlegast sendið einnig skipurit skólans á gudfinna@samband.is

3. Sameiningarferlið

*** 10. Voru einhverjir af eftirtöldum hafðir með í ráðum þegar sameiningin var undirbúin?**

- Já, haft var samráð við foreldra og/eða viðhorf þeirra til sameiningar kannað.
- Já, haft var samráð við starfsmenn og/eða viðhorf þeirra til sameiningar kannað.
- Já, haft var samráð við stéttarfélög starfsmanna og/eða viðhorf þeirra til sameiningar kannað.
- Nei, sameiningin var ákveðinn hjá stjórnendum sveitarfélagsins eingöngu.

11. Hvaða stéttarfélög var haft samráð við?

*** 12. Var skólastjórstaðan auglýst?**

- Já
- Nei

4. Auglýsing skólastjórstöðu

13. Hvar var auglýst í skólastjórstöðuna?

14. Hvaða kröfur voru gerðar til umsækjanda?

5. Um skólastjóra

* 15. Er skólastjóri samrekna skólans með leyfisbréf á grunnskólastigi, leikskólastigi eða báðum stigum?

- Leyfisbréf á grunnskólastigi
- Leyfisbréf á leikskólastigi
- Leyfisbréf bæði á grunn- og leikskólastigi

* 16. Hefur skólastjóri samrekna skólans viðbótarmenntun í stjórnun?

- Já
- Nei

* 17. Við hvorn kjarasamninginn miðast laun skólastjóra samrekna skólans?

- Við kjarasamning LN og Skólastjórafélags Íslands
- Við kjarasamning LN og Félags leikskólakennara

* 18. Er skólastjóri samrekna skólan með sömu kennsluskyldu og áður? (Ath. Þessi spurning á einungis við ef laun skólastjórans eru skv. kjarasamningi LN og Skólastjórafélags Íslands).

- Já, kennsluskylda er óbreytt
- Nei, kennsluskylda er minni en fyrir samrekstur

* 19. Hver er grunnröðun launa skólastjóra án nokkurra viðbótarflokka? (Launaflokkur)

* 20. Tilgreinið fjölda viðbótarflokka við grunnlaun skólastjóra og skv. hvaða grein/greinum kjarasamnings þeir byggja á og hversu margir eru til komnir vegna samkomulags um laun stjórnenda í samreknum skólum.

* 21. Hafa aðrir stjórnendur en skólastjóri fengið viðbótargreiðslur vegna samrekstursins?

- Já
- Nei

6. Aðrir stjórnendur en skólastjóri

* 22. Hversu margir millistjórnendur hafa fengið hækkun á grunnröðun skv. 2. gr. samkomulags um laun stjórnenda samrekins skóla?

23. Hvaða starfsheiti bera þessir millistjórnendur?

24. Hversu margir launaflokkar bættust við grunnlaun þessara millistjórnenda?

7. Markmið og reynsla sveitarfélagsins

* 25. Hver voru markmið sveitarfélagsins með samrekstri?

* 26. Hafa þau markmið náðst að fullu?

- Já, að fullu
- Já, að hluta til
- Nei

8. Markmið og reynsla undirsíða

27. Hvað skortir upp á að ná upphaflegu markmiðunum og hvaða hnökrar hafa helstu komið upp? Tengjast þeir hnökrar að einhverju leyti kjarasamningum aðila og/eða löggjöf um leyfisbréf?

9. Markmið og reynsla 2

*** 28. Er rekstrarkostnaður samrekna skólans minni, sá sami eða meiri en samanlagður rekstrarkostnaður eininganna var fyrir sameiningu?**

- Minni
- Sá sami
- Meiri

29. Vinsamlegast deildu með okkur reynslu sveitarfélagsins af samrekstri skóla, t.d. hvaða kostir/gallar eru við þetta fyrirkomulag, hvernig eru samskipti starfsmanna og/eða barna milli skólastiga o.fl.

10. Senda inn svör

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.